# Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032
## Breyting - Álftavík




GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR




BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

### Skýringar

- Sveitarfélagsmörk
- Rafveita, loftlína
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Iðnaðarsvæði
- Verslun- og þjónusta
- Vatnsból
- Íbúðarbyggð
- Stofnvegur/stofnbraut
- Tengivegur/tengibraut
- Aðrir vegir og götur
- Göngu- og hjólreiðaleið
- Reiðleið
- Vatnafar
- Hverfisvernd
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Náttúruvá
- Minjavernd
- Vatnsból
- Hæðarlínur
- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Opin svæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Íþróttasvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Vötn, ár og sjór
- Óbyggð svæði
- Svæði sem breytingin nær til

### Greinargerð

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Árið 2011 var gerð breyting á þágildandi aðalskipulagi, þar sem landnotkun tveggja lóða, Miðengi lóð 17a L199066 og Álftavík L169078 var breytt úr frístundabyggð í íbúðarbyggð. Við endurskoðun aðalskipulagsins árið 2022 voru lóðirnar ranglega felldar inn í frístundabyggðina Öndverðarnes 2 – Selvík (F30).
Lóðirnar eru innan Deiliskipulags frístundabyggðar við 5. og 6. braut (Vaðlækjarveg) í landi Miðengis (samþ. 03.11.2010). Í framhaldi af aðalskipulagsbreytingunni 2011 var gerð breyting á deiliskipulaginu til samræmis, (staðf. í B-deild 20.02.2013), þar sem gerð er grein fyrir breyttum fjölda frístundalóða og skilgreindar tvær íbúðarlóðir innan skipulagsins.
Með þeirri breytingu sem hér er gerð er verið að breyta landnotkun lóðanna til fyrra horfs í samræmi við áðurnefndar breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi. Þ.e. úr frístundabyggð í íbúðarbyggð. Lóðin Álftavatn 19 (L218004) er einnig skilgreind sem íbúðarbyggð í stað frístundabyggðar og er fyrirhugað að hún verði sameinuð aðliggjandi lóð Álftavíkur, þar sem hún hentar ekki til byggingar vegna nálægðar við vatn.
Skilgreint er nýtt svæði íbúðarbyggðar fyrir lóðirnar, ÍB7 (punktur), en stærð svæðisins er um 1,7 ha. Frístundabyggðin minnkar sem því nemur.

Tafla 2. *Frístundabyggð* (Gildandi skipulag)

| NR | HEITI SVÆÐIS | LÝSING OG SKILMÁLAR | STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|
| F30 | Öndverðarnes 2 - Selvík | Svæðið er deiliskipulagt að hluta. | 132,7 |

**Tafla 1. *Íbúðarbyggð í dreifbýli (breytt skipulag)***

| NR | HEITI SVÆÐIS | LÝSING OG SKILMÁLAR |
|---|---|---|
| ÍB7 | Álftavík | Tvær lóðir, stærð svæðis um 1,7 ha. |

### Umhverfisáhrif

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Lóðirnar eru byggðar og eru áhrif vegna breytingarinnar því talin vera óveruleg á umhverfisþætti eins og gróður og dýralíf, samfélag og ásýnd.

0 0,5 1 2 3 4 5 km

N

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn þann 11.12.24

F.h. Grímsness- og Grafningshrepps

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita Skipulagsfulltrúi

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun 29.01.2025

SKIPULAGSSTOFNUN

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.

EFLA

Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032
Breyting - Álftavík

| Verk: | Blaðstærð: | Unnið: | Rýnt: |
|---|---|---|---|
| 111055 | A3 | GAL | SOS/ÁJ |

| Mælikvarði: | Dags: | Breytt dags: |
|---|---|---|
| 1:50.000 | 03.12.2024 | |